

Matís ohf  
Vínlandsleið 12  
113 Reykjavík

Egilsstaðir, 5.6.2023  
UST202302-163/F.Æ.  
08.12.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 24. apríl 2023 - Matís ohf., Árleyni 2a**

Þann 24. apríl sl. fór fram eftirlit í tilraunaeldisstöð Matís ohf., Árleyni 2a. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### **Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.**

#### **Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:**

1. Að haldið verði skipulega utan um þjálfun og reynslu starfsfólks.

#### **Tvö frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2021 var ekki skilað á tilskildum tíma.  
*Ársyfirliti var skilað í kjölfar eftirlitsins og er frávikinu því lokað. Rekstraraðila er hins vegar bent á að tryggja að allar áskildar upplýsingar komi fram í ársyfirliti.*
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Ekki er til neyðaráætlun um meðferð og förgun eldisfisks ef til óvæntrar rekstrarstöðvunar kemur.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikni nr. 2 í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 26. júní 2023.**

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur